

**140. fundur atvinnu- og menningarmálanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 4. desember 2017
og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Inga María Guðmundsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir, Björn Davíðsson formaður og Ingólfur Hallgrímur Þorleifsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bryndís Ásta Birgisdóttir.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Þrettándinn og Kómedíuleikhúsið - 2017100022

Elfar Logi Hannesson mætir á fund nefndarinnar til að ræða mögulega aðkomu Kómedíuleikhússins að þrettándagleði.

Atvinnu- og menningarmálanefnd leggur til við bæjarráð að samið verði við Kómedíuleikhúsið um að sjá um skemmtun á þrettándanum árið 2018 á Ísafirði.

Gestir

Elfar Logi Hannesson - 15:00

Elfar Logi Hannesson, yfirgefur fundinn kl. 15:12.

2. Vistaskipti listamanna í Ísafjarðarbæ og Linköping - 2017030081

Lagt er fram bréf Elísabetar Gunnarsdóttur, forstöðumanns ArtsIceland, dags. 1. nóvember sl., ásamt fylgiskjölum, varðandi vistaskipti listamanna í Ísafjarðarbæ og vinabæjarins Linköping.

Atvinnu- og menningarmálanefnd tekur jákvætt í vistaskipti listamanna, þannig að tekið sé á mótum einum listamanni á árinu 2019 frá vinabæ Ísafjarðarbæjar Linköping. Nefndin leggur til við bæjarráð að gerður verði samningur við Linköping um að taka á mótum gesti í vistaskipti árið 2019, þar sem m.a. kæmi fram að Ísafjarðarbær styrkti verkefnið um kr. 500.000,- á árinu 2019.

Gestir

Elísabet Gunnarsdóttir - 15:13

3. Verkefni atvinnu- og menningarmálanefndar - 2014110025

Umræður um áhersluverkefni atvinnu- og menningarmálanefndar.

Ræddar voru tillögur um að móta menningarstefnu fyrir Ísafjarðarbæ.

Elísabet Gunnarsdóttir yfirgaf fundinn kl. 15:49.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:10

Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Björn Davíðsson

Bryndís Ásta Birgisdóttir

Þórdís Sif Sigurðardóttir